

Ár 2019, mánudaginn 18. nóvember, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara að Síðumúla 13, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 10/2019.

**Þorbergur Guðmundsson.**

**gegn**

**Kraftlyftingasambandi Íslands.**

Gögn málsins nr. 1-2 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Dómkröfur.**

Málið var höfðað með kæru móttækinni af skrifstofu ÍSÍ þann 10. nóvember sl.

Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins.

**Kærandi:**

**Þorbergur Guðmundsson, kt. 061293-4349,**  
Skarðshlíð 22B, 603 Akureyri.

**Kærði:**

**Kraftlyftingasamband Íslands, kt. 700410-2180,**  
Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

**Kröfur kæranda:**

Kröfur kæranda eru svohljóðandi:

„Að Kraft verði gert að ógilda úrskurð 1/2017 og þeim veitt áminning fyrir valdniðslu gangvart iðkenndum KDH og Kraft biðjist opinberlega afsökunar á framferði sínu.

Að Stjórn Kraft biðji mig Þorberg Guðmundsson afsökunar á þeim andlega og fjárhagslega skaða sem þetta mál hefur valdið mér

Að stjórn Kraft verði veitt áminning fyrir að láta vitalausa aðila verja Hörð vísvitandi

Að Kraft verði gert að skerpa á verkferlnum sínum þegar að kemur að kærumálum

Að Kraft verði gert að gæta jafnréttis þegar aðilar eru sakfelldir, er varðar refsingu

Að öllum keppendum KDH verði dæmar bætur þar sem að við vorum í keppnisbanni útaf sektini og færðust flestir yfir í KFA þar sem að við gátum ekki keppt undir merkjum Harðar út af sektini og er deildin gott sem óvirk í dag útaf þessu.“

**II.****Forsendur og niðurstöður.**

Grein 24 í lögum ÍSÍ fjallar um kærufresti.

Í gr. 24.1 segir m.a.: „*Kærufrestur til dómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrott er að ræða séu ekki skemmri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands.*“

Af kröfum kæranda má ráða að hann byggir kröfur sínar á úrskurði sem kveðinn var 6. febrúar 2017 og síðar leiðréttur 30. október s.á.

Með vísan til gr. 24.1 um að kærufrestur til dómstóls ÍSÍ skuli vera ein vika ber þegar af þeirri ástæðu að vísa þessu máli frá dómstól ÍSÍ.

III.  
**Úrskurðarorð:**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Sigurður I. Halldórsson dómari.  
(sign)

Frestur til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn eru þrjú dagar frá því að aðila verður fyrst kunnugt um niðurstöðu máls og teljast almennir frídagar ekki með, sbr. gr. 24.3 í lögum ÍSÍ.